

Reitir fasteignafélag hf.  
Samandreginn árshlutareikningur  
samstæðunnar  
1. janúar til 30. júní 2018

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Eiginfjárfirlit .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9
Ársfjórðungsyfirlit .....	13

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Starfsemi Reita fasteignafélags hf. felst í eignarhaldi, útleigu og umsýslu atvinnuhúsnæðis sem að stærstum hluta er verslunar- og skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samstæða félagsins samanstendur af móðurfélaginu, Reitum fasteignafélagi hf., ásamt sjö dótturfélögum sem öll eru 100% í eigu móðurfélagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam heildarhagnaður af rekstri samstæðunnar 322 millj. kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2018. Eigið fé samstæðunnar í lok júní var 47.448 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Í mars gerði félagið samkomulag um lok allra mála sem tengdust uppgjöri þriggja lána, sem það hafði verið með hjá erlendum lánveitanda, en lentu í uppnámi vegna gjaldeyrishafta. Félagið hafði að miklu leyti tekið tillit til þessara upphæða í uppgjörum sínum en gjaldfærir um 230 millj. kr. í árshlutareikningnum.

Undir lok aprílmánaðar var gengið frá kauptilboði félagsins í allt hlutfé Vínlandsleiðar ehf. Umfang kaupanna er 5.900 millj. kr. en um er að ræða rúmlega 18.000 fermetra af vönduðu húsnæði í fullri útleigu til traustra aðila. Fallið hefur verið frá öllum fyrirvörum kaupanna og er áætlað að þau gangi í gegn 1. september næstkomandi. Kaupverðið verður fjármagnað með handbæru fé, lánsfé og yfirtöku áhvílandi skulda.

Í lok tímabilsins voru hluthafar í Reitum fasteignafélagi hf. 1.477 en þeir voru 1.565 í ársbyrjun.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju gefur samstæðuárshlutareikningur félagsins glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2018 og rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2018.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og, í samhengi við ársreikning samstæðunnar, lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Reita fasteignafélags hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. ágúst 2018.

Í stjórn félagsins:




Forstjóri:



## Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Reita fasteignafélags hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Reita fasteignafélags hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og forstjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

### Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um „Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum“. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 20. ágúst 2018.

KPMG ehf.



Margrét G. Halverson  
Jon Gunnar Ostersson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

## 1. janúar til 30. júní 2018

	Skýr.	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
		2018	2017	2018	2017
		1.4. -30.6.*	1.4. -30.6.*	1.1. -30.6.	1.1. -30.6.
<b>Rekstrartekjur og rekstrargjöld</b>					
Leigutekjur .....		2.824	2.645	5.578	5.282
Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna .....	6	( 802)	( 698)	( 1.537)	( 1.388)
<b>Hreinar leigutekjur .....</b>		<b>2.022</b>	<b>1.947</b>	<b>4.041</b>	<b>3.894</b>
Stjórnunarkostnaður .....		( 149)	( 136)	( 310)	( 291)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu.....</b>		<b>1.873</b>	<b>1.811</b>	<b>3.731</b>	<b>3.603</b>
Matsbreyting fjárfestingareigna .....	8	( 1.717)	972	( 461)	1.872
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		<b>156</b>	<b>2.783</b>	<b>3.270</b>	<b>5.475</b>
Fjármunatekjur .....		58	85	110	191
Fjármagnsgjöld .....		( 1.212)	( 1.346)	( 2.813)	( 2.301)
<b>Hrein fjármagnsgjöld .....</b>	7	<b>( 1.154)</b>	<b>( 1.261)</b>	<b>( 2.703)</b>	<b>( 2.110)</b>
<b>(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>		<b>( 998)</b>	<b>1.522</b>	<b>567</b>	<b>3.365</b>
Tekjuskattur .....		122	( 305)	( 245)	( 673)
<b>(Tap) hagnaður og heildarhagnaður .....</b>		<b>( 876)</b>	<b>1.217</b>	<b>322</b>	<b>2.692</b>
<b>Hagnaður á hlut</b>					
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....		( 1,25)	1,69	0,46	3,74

Skýringar á blaðsíðum 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

\* Ekki kannað

## Efnahagsreikningur 30. júní 2018

	Skýr.	30.6.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
Fjárfestingareignir .....	8	134.933	135.002
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		149	0
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		955	863
Bundið fé .....		39	1.265
Handbært fé .....		4.443	3.425
Veltufjármunir		5.586	5.553
<b>Eignir samtals</b>		<u>140.519</u>	<u>140.555</u>
 <b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		694	706
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár .....		23.961	25.044
Bundinn hlutdeildarreikningur .....		1.153	6.045
Óráðstafað eigið fé .....		21.640	17.486
Eigið fé	9	<u>47.448</u>	<u>49.281</u>
 <b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	10	77.408	75.426
Tekjuskattsskuldbinding .....		12.177	11.933
Langtímaskuldir		<u>89.585</u>	<u>87.359</u>
 Vaxtaberandi skuldir .....	10	2.297	2.065
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		1.189	1.850
Skammtímaskuldir		<u>3.486</u>	<u>3.915</u>
Skuldir samtals		<u>93.071</u>	<u>91.274</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>140.519</u>	<u>140.555</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

## Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2018

Skýr.	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur innborgaðs hlutafjár	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
<b>1. janúar - 30. júní 2017</b>					
Eigið fé 1. janúar 2017 .....	721	26.530	4.606	14.299	46.156
Heildarhagnaður tímabilsins .....				2.692	2.692
Fært á bundið eigið fé .....			3.667	( 3.667)	0
Innleyst af bundnu eigið fé .....			( 4.606)	4.606	0
Greiddur arður .....				( 1.045)	( 1.045)
Endurkaup á eigin bréfum .....	( 9)	( 951)			( 960)
Eigið fé 30. júní 2017 .....	9 712	25.579	3.667	16.885	46.843
<b>1. janúar - 30. júní 2018</b>					
Eigið fé 1. janúar 2018 .....	706	25.044	6.045	17.486	49.281
Heildarhagnaður tímabilsins .....				322	322
Fært á bundið eigið fé .....			1.153	( 1.153)	0
Innleyst af bundnu eigið fé .....			( 6.045)	6.045	0
Greiddur arður .....				( 1.060)	( 1.060)
Endurkaup á eigin bréfum .....	( 12)	( 1.083)			( 1.095)
Eigið fé 30. júní 2018 .....	9 694	23.961	1.153	21.640	47.448

Skýringar á blaðsíðum 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

## Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2018

	Skýr.	2018 1.1.-30.6.		2017 1.1.-30.6.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Hagnaður tímabilsins .....		322		2.692
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Matsbreyting fjárfestingareigna .....	8	461	(	1.872)
Hrein fjármagnsgjöld .....	7	2.703		2.110
Tekjuskattur .....		245		673
		3.731		3.603
Skammtímakröfur, breyting .....	(	263)	(	365)
Skammtímaskuldir, breyting .....		170		304
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(	93)	(	61)
Innheimtar vaxtatekjur .....		102		157
Greidd vaxtagjöld .....	(	2.083)	(	1.541)
Handbært fé frá rekstri		1.657		2.158
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>				
Kaupverð nýrra fjárfestingareigna .....	(	78)	(	3.057)
Fjárfesting í endurbótum á fjárfestingareignum .....	(	311)	(	719)
Söluverð fjárfestingareigna .....		0		804
Fjárfesting í dótturfélögum .....		0	(	3)
Aðrar kröfur, breyting .....		28		10
Bundið fé, breyting .....		1.226	(	289)
Fjárfestingarhreyfingar		865	(	3.254)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Ný langtímalán .....		2.233		3.413
Afborganir langtímalána .....	(	1.057)	(	1.623)
Greiddur arður .....	(	1.060)	(	1.045)
Aðrar skuldir, breyting .....	(	520)	(	960)
Endurkaup á eigin bréfum .....	(	1.096)		0
Fjármögnunarhreyfingar	(	1.500)	(	215)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b> .....		1.022	(	1.311)
<b>Áhrif gengisbreytinga á handbært fé</b> .....	(	4)	(	4)
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		3.425		6.713
<b>Handbært fé í lok tímabils</b> .....		4.443		5.398

Skýringar á blaðsíðum 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.



# Skýringar

---

## 1. Félagið

Reitir fasteignafélag hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Kringlunni 4-12, Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem eru Reitir - hótél ehf., Reitir - iðnaður ehf., Reitir - skrifstofur ehf., Reitir - verslun ehf., Reitir - þróun ehf., Norðurslóð 4 ehf. og Reitir þjónusta ehf. sem vísað er til í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga eða dótturfélaga.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðum sé fylgt*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samstæðan innleiddi í ársbyrjun nýja *alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS 9 Fjármálagerningar og IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini*. Innleiðingin hafði engin áhrif á samstæðuna. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2017.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 20. ágúst 2018.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2017. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess [www.reitir.is](http://www.reitir.is).

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins, og eru allar fjárhæðir birtar í milljónum króna. Hann er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að fjárfestingareignir félagsins eru metnar á gangvirði.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Skýringar, frh.:

**5. Starfsþáttayfirlit**

Starfsþáttayfirlit veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins. Starfsemi skiptist í fimm starfsþætti sem er rekstur fasteigna á mismunandi tegundum eigna.

**2018**

**1.1 - 30.6**

	Skrifstofur	Verslun	Hótel	Iðnaður og annað	Þróun	Rekstur	Jöfnun	Samtals
Leigutekjur .....	1.760	1.993	921	795	106	315	( 312)	5.578
Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna .....	( 493)	( 651)	( 162)	( 200)	( 38)	7	0	( 1.537)
<b>Hreinar leigutekjur .....</b>	<b>1.267</b>	<b>1.342</b>	<b>759</b>	<b>595</b>	<b>68</b>	<b>322</b>	<b>( 312)</b>	<b>4.041</b>
Stjórnunarkostnaður .....	( 97)	( 112)	( 48)	( 44)	( 6)	( 315)	312	( 310)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu .....</b>	<b>1.170</b>	<b>1.230</b>	<b>711</b>	<b>551</b>	<b>62</b>	<b>7</b>	<b>0</b>	<b>3.731</b>
Matsbreyting fjárfestingareigna .....	( 126)	( 1.438)	122	( 43)	1.024	0	0	( 461)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>1.044</b>	<b>( 208)</b>	<b>833</b>	<b>508</b>	<b>1.086</b>	<b>7</b>	<b>0</b>	<b>3.270</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....								( 2.703)
Tekjuskattur .....								( 245)
<b>Heildarhagnaður .....</b>								<b>322</b>
<b>Staða 30. júní 2018</b>								
Fjárfestingareignir .....	39.112	44.308	26.881	18.736	5.896			134.933

## Skýringar, frh.:

### 6. Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna

Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna greinist þannig:	2018 1.1.-30.6.	2017 1.1.-30.6.
Fasteignagjöld .....	1.015	927
Viðhald og endurbætur .....	349	311
Vátryggingar .....	55	49
Virðisrýrnun krafna .....	25	30
Annar rekstrarkostnaður fjárfestingareigna .....	93	71
Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna alls .....	<u>1.537</u>	<u>1.388</u>

### 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	110	177
Gengishagnaður gjaldmiðla .....	0	14
Fjármunatekjur alls .....	<u>110</u>	<u>191</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld .....	( 1.525)	( 1.484)
Verðbætur .....	( 1.011)	( 798)
Einskiptiskostnaður vegna uppgjörs á erlendum lánum .....	( 232)	0
Önnur fjármagnsgjöld .....	( 45)	( 19)
Fjármagnsgjöld alls .....	<u>( 2.813)</u>	<u>( 2.301)</u>
Hrein fjármagnsgjöld .....	<u>( 2.703)</u>	<u>( 2.110)</u>

### 8. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir greinast þannig:	30.6.2018	31.12.2017
Fasteignir .....	127.133	127.644
Þróunareignir .....	7.800	7.358
Fjárfestingareignir alls .....	<u>134.933</u>	<u>135.002</u>

Við ákvörðun á gangvirði fjárfestingareigna er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt söluverð kann að verða frábrugðið þessu mati.

Fjárfestingareignir samstæðunnar eru metnar á gangvirði á reikningsskiladegi í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 40 Fjárfestingareignir* og alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IFRS 13 Mat á gangvirði*. Allar fjárfestingareignir samstæðunnar falla undir 3. þrep í flokkunarkerfi gangvirðismats og eru metnar sem slíkar.

Við mat á fjárfestingareignum er notuð sama aðferðarfræði og í samstæðuársreikningi félagsins. Helsta breyting frá áramótum er hækkun á fasteignamati fjárfestingareigna og verðlagsbreyting.

Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikningi. Lækkun á mati fjárfestingareigna nam 461 millj. kr. á tímabilinu (2017: 1.872 millj. kr. hækkun).

## Skýringar, frh.:

### 9. Eigið fé

Skráð heildarhlutafé félagsins í lok ársfjórðungsins nemur 706 millj. kr. að nafnvirði. Við lok fyrri ársheilmings átti félagið eigin hlutabréf að nafnvirði 12 millj. kr. Þann 23. apríl 2018 var hlutafé félagsins lækkað að nafnvirði 15 millj. kr., í samræmi við ákvörðun aðalfundar frá 13. mars 2018.

Í gildi er endurkaupaáætlun um kaup á eigin bréfum sem framkvæmd er í samræmi við heimild hluthafafundar, hlutafélagalög nr. 2/1995 og viðauka við reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Sér Kvika banki hf. um framkvæmd hennar. Á fyrri ársheilmingi 2018 keypti félagið eigin bréf að nafnvirði 12 millj. kr. fyrir samtals 1.096 millj. kr.

Arðgreiðsla að fjárhæð 1.060 millj. kr. sem samþykkt var á aðalfundi 13. mars var greidd til hluthafa í lok fyrsta ársfjórðungs.

Samkvæmt lögum nr. 73/2016 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarféлага, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár.

### 10. Vaxtaberandi skuldir

<i>Langtímaskuldir</i>	30.6.2018	31.12.2017
<b><i>Innan tryggingarfyrirkomulags</i></b>		
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir .....	32.196	32.118
Skuldabréfaútgáfa .....	40.992	38.905
	<u>73.188</u>	<u>71.023</u>
<b><i>Utan tryggingarfyrirkomulags</i></b>		
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir .....	2.756	2.767
Skuldabréfaútgáfa .....	4.107	4.118
	<u>6.863</u>	<u>6.885</u>
Vaxtaberandi skuldir alls án lántökukostnaðar .....	<u>80.051</u>	<u>77.908</u>
Næsta árs afborganir langtímalána .....	( 2.297)	( 2.065)
Eignfærður lántökukostnaður .....	( 346)	( 417)
Vaxtaberandi langtímaskuldir alls .....	<u>77.408</u>	<u>75.426</u>

Mismunur á gangvirði og bókfærðu virði fjáreigna og fjárskulda er óverulegur.

### 11. Dótturfélög

Dótturfélög voru sjö í lok árshlutans og eru eftirtalin:

	Aðsetur	Eignarhlutur	
		30.6.2018	31.12.2017
Reitir - hótél ehf. ....	Ísland	100%	100%
Reitir - iðnaður ehf. ....	Ísland	100%	100%
Reitir - skrifstofur ehf. ....	Ísland	100%	100%
Reitir - verslun ehf. ....	Ísland	100%	100%
Reitir - þróun ehf. ....	Ísland	100%	100%
Norðurslóð 4 ehf. ....	Ísland	100%	100%
Reitir þjónusta ehf. ....	Ísland	100%	100%
Reitir VII ehf. ....	Ísland	Afskráð	100%

## Ársfjórðungsyfirlit - ekki kannað

### Ársfjórðungsyfirlit

	2F 2018	1F 2018	4F 2017	3F 2017	2F 2017
<b>Rekstrartekjur og rekstrargjöld</b>					
Leigutekjur .....	2.824	2.754	2.839	2.660	2.645
Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna .....	( 802)	( 735)	( 799)	( 691)	( 698)
<b>Hreinar leigutekjur .....</b>	<b>2.022</b>	<b>2.019</b>	<b>2.040</b>	<b>1.969</b>	<b>1.947</b>
Stjórnunarkostnaður .....	( 149)	( 161)	( 159)	( 152)	( 136)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu.....</b>	<b>1.873</b>	<b>1.858</b>	<b>1.881</b>	<b>1.817</b>	<b>1.811</b>
Matsbreyting fjárfestingareigna .....	( 1.717)	1.256	952	1.028	972
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>156</b>	<b>3.114</b>	<b>2.833</b>	<b>2.845</b>	<b>2.783</b>
Fjármunatekjur .....	58	52	39	78	85
Fjármagnsgjöld .....	( 1.212)	( 1.601)	( 1.126)	( 945)	( 1.346)
<b>Hrein fjármagnsgjöld .....</b>	<b>( 1.154)</b>	<b>( 1.549)</b>	<b>( 1.087)</b>	<b>( 867)</b>	<b>( 1.261)</b>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>( 998)</b>	<b>1.565</b>	<b>1.746</b>	<b>1.978</b>	<b>1.522</b>
Tekjuskattur .....	122	( 367)	( 351)	( 394)	( 305)
<b>Heildarhagnaður .....</b>	<b>( 876)</b>	<b>1.198</b>	<b>1.395</b>	<b>1.584</b>	<b>1.217</b>